



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/2760*  
*komudagur 8.8.2012*

Skrifstofa Alþingis

Alþingishúsinu við Austurvöll, 150 Reykjavík

**Efni; umsögn byggðarráðs Borgarbyggðar um frumvarp til laga um breytingar á lögreglugögum nr.90/1996. Þingskjal 1177 – 739 mál.**

Byggðarráð Borgarbyggðar hefur tekið til umfjöllunar þingskjal 1177 um breytingar á lögreglugögum. Meðfylgjandi er umsögn byggðarráðs.

Almennt er það afstaða byggðarráðs að afar mikilvægt sé að fyrirhugaðar breytingar á lögnum leiði til þess að hægt verði að efla löggæslu og auka þannig öryggi og þjónustu við íbúa.

Borgarbyggð hefur undanfarin ár verið hluti af umdæmi lögreglustjórans í Borgarnesi. Umdæmi hans er afar víðfeðmt og nær yfir um 70% af Vesturlandi, en undir það heyra sveitarfélögin Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur og Dalabyggð. Landstórt svæði, mikill gegnumakstur, fleiri þéttbýlisstaðir, dulin búseta í tengslum við háskólana í Borgarbyggð og á þriðja þúsund sumarhús hafa gert það að verkum að verkefni lögreglunnar á svæðinu eru mikil og því hefur lögregluliðið verið verulega undirmannað. Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ítrekað gert þá kröfu til alþingis og innanríkisráðuneytisins að fjárveitingar til embættisins verði auknar til þess að hægt verði að bæta þjónustu við íbúana og auka öryggi þeirra.

Í 3.gr. frumvarpsins kemur fram að 6.gr. lögreglugaga mun breytast og frá gildistöku frumvarpsins verði landinu skipt upp í 8 lögregluumdæmi. Samkvæmt því verður Borgarbyggð hluti af umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi. Byggðarráð tekur undir þessa tillögu og telur að Vesturlandi sé hentug eining sem sérstakt umdæmi og fagnar því að ekki eigi að leggja saman Vesturland við Vestfirði eins og til stóð um tíma og kom fram í kynningu á vegum ráðuneytisins.

Í sömu grein kemur fram að innanríkisráðherra skuli taka ákvörðun um það hvar aðalstöð lögreglustjóra í hverju umdæmi skuli staðsett. Byggðarráð ítrekar þá afstöðu sína, sem áður hefur komið fram á fundum með innanríkisráðherra og þingmönnum, að mikilvægt sé að staðsetja aðalstöð lögreglustjóra í þeim þéttbýliskjarna á Vesturlandi sem er hvað mest miðsvæðis fyrir landshlutann og samgöngur greiðar í allar áttir. Þá er mikilvægt að staðsetning aðalstöðvar lögreglustjóra verði sem næst starfsstöð Héraðsdóms, en það hlýtur að skapa hagræði fyrir báða aðila.

Í 6.gr. frumvarpsins kemur fram að í hverju umdæmi skuli starfa sérstök samstarfsnefnd sem í sitji lögreglustjóri ásamt sveitarstjórum í umdæminu. Byggðarráð Borgarbyggðar fagnar því að með þessu sé skapaður vettvangur til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta á milli lögreglustjóra og fulltrúa sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt  
Sveitarstjórn  
Páll S. Brynjarsson  
BORGARBYGGÐ  
sveitarstjóri